

1915

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Nr. 207/1983. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristjáni Aðalsteinssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, skráðri í sakadómsbók 6. þ. m. Barst hún Hæstarétti 7. s. m. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærvalds er krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki til greina tekin.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### **Úrskurður sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 5. nóvember 1983.**

Ár 1983, sunnudaginn 6. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

#### *Málsatvik.*

Um kl. 0600 í gærmorgun handtóku lögreglumenn við Hlíðagrill í Stiga-hlíð hér í borg Árna Árnason sjómann, fæddan 2. október 1958.

Árni þessi vísaði lögreglumönnum skömmu síðar á mikið magn meintra fikniefna falið um borð í m/s Lagarfossi í Straumsvíkurböfn.

Samkvæmt vigtun og frumgreiningu eða litarprófunum var þarna um að ræða eftirfarandi:

1) Líbanonhassefni	5.143.4 gr.
2) Amfetamínduft	242.5 gr.
3) Kókaín	17.0 gr.

Nefndur Árni kvaðst hjá lögreglu og hér við embætti hafa fyrir 18 dögum snúið sér til Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4. nóvember 1957, til heimilis að Njálsgötu 22 hér í borg, og boðist til að flytja fyrir þann aðilja ótiltekið magn fíkniefna gegn féggjaldi, nánar 70.000 — 80.000 ísl. kr., hingað til lands frá Hollandi. Samkvæmt framburði Árna þessa samþykkti nefndur Kristján þá skilmála, og réð þá Árni sig í skiprúm á m/s Lagarfossi, sem hélt frá Reykjavík þann 21. fyrri mánaðar og kom til Rotterdam í Hollandi þann 25. eða 26. sama mánaðar.

Að sögn Árna Árnasonar hafði skip þarna ytra um einnar viku viðdvöl, en lét úr höfn á mánudegi.

Kvaðst Árni þessi á því tímabili í Rotterdam hafa hitt Kristján Aðalsteinsson tvívegis komudag skips og tvisvar eða þrisvar til viðbótar eftir það.

Á síðasta stefnumóti þeirra félaga ytra og nánar á föstudegi fyrir brottför skips hafi Kristján Aðalsteinsson afhent Árna Árnasyni þau fíkniefni, er lögregla samkvæmt ofansögðu lagði hald á.

Árni Árnason nafngreindi einn aðilja, er þarna ytra hefði orðið vitni að samfundum Árna og Kristjáns Aðalsteinssonar.

Margnefndur Árni Árnason var í gær hér við embætti úrskurðaður í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Fyrr sama dag hafði lögregla handtekið Kristján Aðalsteinsson, sem yfirheyrdur var hér í dómi fyrir stundu.

Kristján þessi kvaðst hafa haldið flugleiðis frá Íslandi til Hollands þann 25. fyrri mánaðar og komið til Rotterdam að kvöldi þess dags. Hann kvaðst hafa haldið til Amsterdam þann 28. fyrri mánaðar og komið flugleiðis hingað til lands þann 31. október sl.

Tilgangur ferðar hafi verið tvenns konar. Annars vegar að kaupa ytra húsbúnað, ef efni leyfðu, sem síðar hafi ekki reynst. Hins vegar og einkalega hafi þetta verið ráðgerð skemmtiferð. Handbær farareyrir hafi verið jafnvirði um 1.000 hollenskra gyllina eða nálægt 10.000 ísl. krónum.

Kristján Aðalsteinsson nafngreindi þrjá íslenska aðilja, er hann fyrir tilviljun hefði hitt ytra og þeirra á meðal einu sinni áður nefndan Árna Árnason.

Kristján Aðalsteinsson bar því alfarið í mót, að sin samskipti við nefnda aðilja eða utanferðin í heild hefði með nokkrum hætti tengst fíkniefnameðhöndlun.

#### *Niðurstöður.*

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974 og Kristján Aðalsteinsson í því sambandi borinn stórfelldum sök-

um. Gæti slíkt, ef sannað teldist, varðað Kristján Aðalsteinsson fangelsis-refsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Margnefndur Kristján hefur gögnum samkvæmt hér við embætti hlotið refsingu fyrir fíkniefnamisferli sem hér segir:

- 1) 21. júlí 1976 sátt no. 378 kr. 26.000 (gkr)
2. 6. október 1977 sátt no. 609 kr. 192.000 (gkr)
3. 9. janúar 1981 sátt no. 1339 kr. 3.500 (nýkr)
- 4) Dómur 20. mars 1981 no. 804/81, sbr. síðar dómur Hæstaréttar Íslands 23. mars 1982 no. 211/1981. Fangelsi í 5 mánuði + 4.000 (nýkr).
- 5) Dómur Københavns byret 30. apríl 1981. Fangelsi í 6 mánuði.
- 6) Dómur 18. nóvember 1982 no. 821/81. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum 7.000 (nýkr).

Rannsókn máls þessa virðist á frumstigi, en miðað við verulegt magn fíkniefna líkleg til að verða umfangsmikil.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls rétt að verða við framkominni kröfu lögregluyfirvalda og ákvarða, að Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, skuli sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1320 þann 6. nóvember 1983 að telja.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957, til heimilis að Njálsgötu 22 hér í borg, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 45 dögum frá kl. 1320 þann 6. nóvember 1983 að telja.